



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 16. sept. 2020 – 8. apríl 2021

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Covid-19 heimsfaraldurinn setur enn sitt mark á markaðsstarf Flugklasans, eins og allt markaðsstarf alls staðar í heiminum um þessar mundir. Verkefni undanfarinna mánaða hafa snúist um að búa í haginn fyrir betri tíma eftir heimsfaraldur.

Talsvert var framleitt af nýju efni á tímabilinu. Afrakstur þess má m.a. sjá í nýju vetrarmyndbandi fyrir Norðurland sem birt var í mars. Tekið var upp efni sem nýtist á vefnum Upplifdu.is, en sá vefur er alltaf að eflast. Jafnframt voru tekin upp myndbönd á söfnum og sýningum á Norðurlandi sem mun nýtast í framtíðar markaðssetningu. Júlli ferðaðist um Norðurlandí veturn og var það efni einnig birt í mars. Áherslan var í fyrstu á innlenda markaðinn, en þetta efni mun einnig nýtast fyrir erlenda markaði í framhaldinu. Til viðbótar var undirbúið efni til að nýta í samfélagsmiðlaherferðir þegar forsendur verða til staðar til aukinnar markaðssetningar. Þessu til viðbótar voru keyptar ljósmyndir til að styrkja ljósmyndabankann.

Flugklasinn tók þátt í nokkrum rafrænum vinnustofum á tímabilinu. Í nóvember var rafræn vinnustofa á Spáni á vegum Íslandsstofu. Helsta sem koma fram að Ísland er mjög vinsælt og svo sannarlega áfangastaður sem fólk horfir til. Ferðahegðun fólks mun breytast, það vill ekki ferðast langt og vill halda sig frekar norðarlega í Evrópu. Ekki heimsækja stórar borgir og vill geta verið úti í náttúrunni. Þannig að Ísland er kjörinn staður fyrir heimsóknir, fámenni í stóru landi með fallegrí náttúru. Í desember 2020 tók Flugklasinn þátt í webinar á vegum Íslandsstofu fyrir N-Ameríkumarkað, þar sem Norðurland var kynnt og lögð áhersla á Demantshringinn. Í janúar 2021 var beint streymi á síðu Iceland Naturally, aðallega beint að N-Ameríka en í raun náði streymið um allan heim. Þar var kynning á Norðurlandi með áherslu á ferðamannaleiðirnar Norðurstrandarleið og Demantshringinn. Í mars var webinar á vegum Íslandsstofu fyrir Holland og Belgíu með svipuðum áherslum. Í mars tók svo Flugklasinn þátt í rafrænu ferðasýningunni ITB í Berlín. Sýningin var því miður ekki mjög vel heppnuð, en þó náðust nokkrir góðir fundir með erlendum ferðaskrifstofum.

Það kom einungis einn blaðamaður á vegum Flugklasans á tímabilinu. Hann var frá þýska blaðinu NORDIS og kom í September 2020, Erik Van de Perre. Það mun birtast grein eftir hann í apríl blaðinu um Norðurstrandarleið. Hann er að vinna að fleiri greinum sem koma í sumar (koma í heildina 4 mismunandi greinar eftir hann).



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Flugklasinn hefur haldið góðu sambandi við Voigt Travel síðustu mánuði og þar á bæ er stefnan enn sú sama - að byggja upp aukna umferð beint til Akureyrar til framtíðar. Flugáætlun sumarsins gerði ráð fyrir vikulegum flugferðum í júní, júlí og ágúst. Nú er orðið ljóst að ekkert verður af flugferðum í júní, en enn standa vonir til þess að hægt verði að fljúga í júlí og/eða ágúst. Það mun skýrast þegar nær dregur, en er auðvitað háð stöðu heimsfaraldursins. Vilji Voigt Travel er að fljúga ef aðstæður leyfa, en auðvitað verður það aðeins gert ef útlit er fyrir að fólk vilji og geti ferðast í summar. En hvað sem verður í summar, þá er tilbúin flugáætlun fyrir næsta vetur og styttist í að vetrarferðir Voigt Travel verði settar í sölu.

Flugklasinn réði til sín erlendan ráðgjafa að nafni Wietse Dijkstra til þess að greina og kortleggja markaði í Evrópu. Markmiðið var að greina hverjir eru sterkustu markaðir Norðurlands í Evrópu og finna ferðaskrifstofur á þeim mörkuðum til þess að koma að beinu flugi til Akureyrar, svipað og Voigt Travel hefur gert frá Hollandi. Búið er að kortleggja markaðina og velja ferðaskrifstofur til þess að nálgast beint. Jafnframt þessu hafa verið unnar n.k. kynningarskýrslur fyrir hverja og eina ferðaskrifstofu, byggt á þeirra söluvörum og þörfum viðkomandi markaðar. Skýrslurnar innihalda stutta kynningu á Norðurlandi, upplýsingar um þá þjónustu sem þar er í boði og ávinning sem viðkomandi ferðaskrifstofa hefur af því að skipuleggja ferðir til Norðurlands. Að auki eru svo tillögur að vörum og pakkaferðum, sniðnar að núverandi framboði hverrar ferðaskrifstofu. Næsta skref er svo að senda þessi gögn á ferðaskrifstofurnar og fá fundi með þeim til þess að ræða mögulega aðkomu þeirra að beinu flugi. Búið er að bóka fundi með tveimur ferðaskrifstofum nú þegar og verður spennandi að sjá hverjar viðtökurnar verða.

Fluggáttaverkefnið svokallaða, sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum, er komið á gott skrið. Verkefninu hafa verið tryggðir fjármunir frá ráðuneyti ferðamála og verið er að ganga frá samningi við ráðgjafa til þess að aðstoða við að stilla upp vænlegum leiðamöguleikum fyrir þessa flugvelli og ná sambandi við flugfélög. Þessi ráðgjafi hefur mikla reynslu af vinnu sem þessari og vonir standa til þess að hans aðkoma gefi verkefninu þann slagkraft sem þarf til að ná árangri. Flugklasinn mun vinna þétt með ráðgjafanum í fluggáttaverkefninu, samhliða því að ná sambandi við ferðaskrifstofur eins og áður var greint frá.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Innra starf

Flugklasinn stóð fyrir opnum rafrænum fundi um flugmál á Norðurlandi þann 16. febrúar. Á fundinum var farið yfir niðurstöður Wietse Dijkstra um greiningar á erlendum mörkuðum m.t.t. heimsókna til Norðurlands. Einnig voru kynntar niðurstöður könnunar sem gerð var á heimamarkaði og farið yfir stöðu á uppbygginu á Akureyrarflugvelli. Fundurinn var vel sóttur og voru lengst af 70-80 þátttakendur á fundinum.

Stjórn Flugþróunarsjóðs samþykkti í janúar nýjar reglur sjóðsins, sem miða að því að einfalda umsóknarferlið og gera nýtingu fjármuna sjóðsins skilvirkari. Er það í samræmi við óskir Flugklasans og mikið fagnaðarefnii. En því miður hafa þessar reglur enn ekki tekið gildi, þar sem ráðuneytið hefur ekki klárað að fara yfir reglurnar með sínum lögfræðingum til þess að hægt sé að staðfesta þær endanlega. Er þessi töf farin að standa afgreiðslu umsókna í sjóðinn fyrir þrifum og hefur Flugklasinn gert athugasemdir við þennan seinagang. En þegar þetta er ritað er komin hreyfing á málið og vonir standa til að nýjar reglur verði staðfestar og auglýstar innan fárra vikna.

Flugklasinn hefur lengi barist fyrir niðurgreiðslum á verði á flugvélaeldsneyti á Akureyri og Egilsstöðum (til jafns við Keflavíkurflugvöll), svo þessi flugvellir geti verið samkeppnisfærir í því að laða til sín meira millilandaflug. Staðan í dag er enn sú, að megnið af hvatanum sem flugfélög geta fengið í gegnum Flugþróunarsjóð fer í að greiða hærra verð fyrir eldsneyti en t.d. í Keflavík. Í Byggðaáætlun var aðgerð B10 um þetta mál, og snerist um að skipa starfshóp til þess að vinna að tillögu um verðjöfnun á flugvélaeldsneyti á millilandaflugvöllum landsins. Unnin var skýrsla um málið árið 2018 og með því lauk þeirri aðgerð Byggðaáætlunar. Málið er sagt „til frekari skoðunar og úrlausnar í ráðuneytinu“ (samgöngumála), en engar fregnir eru um neinar aðgerðir eða framkvæmdir á tillögum sem koma fram í umræddri skýrslu. Flugklasinn mun áfram halda áfram að ýta á eftir málinu og krefja um svör.

Uppbygging á Akureyrarflugvelli er komin í gang. Búið er að færa olíutankana og á þessu ári verður undirlag undir nýja flugstöðvarbyggingu klárað, en jafnframt verður unnið við burðarlag í nýju flughlaði. Stefnt er að því að reisa nýja húsið á næsta ári og að það verði tilbúið í árslok 2022. Þá verður þó enn eftir að klára breytingar á núverandi flugstöðvarbyggingu. Áætlanir gera ráð fyrir að flugstöðin verði fullkláruð með öllum breytingum um mitt ár 2023, og þá verði nýja flughlaðið einnig tilbúið til notkunar. Vissulega hefði verið betra að sjá þetta gerast hraðar, en þó mikið gleðiefni að þetta sé komið á framkvæmdaáætlun. Þessi bætta aðstaða mun gjörbreyta aðbúnaði farþega og möguleikum flugvallarins til að taka á móti meira millilandaflugi í framtíðinni.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Hvað er fram undan?

Það sem helst er fram undan á næstunni er sein markaðssetning til ferðaskrifstofa, byggt á vinnu síðustu vikna og mánaða. Fá fundi með völdum ferðaskrifstofum og vonandi ná þar inn aðilum til þess að standa fyrir flugi beint til Akureyrar. Jafnframt mun Flugklasinn vinna náið með ráðgjafa fluggáttaverkefnisins við að ná eyrum flugfélaga, þannig að Akureyrarflugvöllur verði valkostur í þeirra huga þegar Covid-19 slotar. Hversu hratt þessi vinna gengur mun velta mikið á því hvenær almenn ferðalög geta hafist á ný. En stefnan er að vera vel undirbúin, byrja að sa fræjum strax og sækja svo fram af fullum krafti um leið og aðstæður leyfa.

Vinnan með Voigt Travel heldur áfram, enda eindreginn vilji þeirra að halda áfram flugi þegar hægt er. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birtting á nýju efni. Þessu til viðbótar mun Flugklasinn fylgjast með uppbyggingu á Akureyraflugvelli og veita aðhald þar, ásamt því að halda áfram að þrýsta ástjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK

Akureyri, 8. apríl 2021

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N